



Kópavogi, 12.04.2022

Efni: Eftirfarandi tillögur hefur Ungmennaráð Kópavogs sammælt um að kynna á fundi með Bæjarstjórn Kópavogs 26.apríl nk.

Bæta aðstöðu í skólaumhverfinu

Auka fjármagn til að bæta aðstöðu búnaðar í grunnskólum Kópavogs. Horft sé til verkefnisins *Okkar Kópavogur*, að nemendur geta lagt fram hugmyndir og svo kosið um þann búnað sem nemendur vilja fá í sitt skólaumhverfi.

Íþróttir og frístundir

Mikilvægt er að öll börn hafi jöfn tækifæri til þátttöku í íþrótta- og frístundastarfi. Skoða hækkun frístundastyrks eða aðrar útfærslur á greiðslu æfingagjalda, til dæmis að forráðamönnum gæfist kostur á að greiða tímagjald. Aðstaða til hreyfingar á skólalóðum sé einnig aðgengileg og góð.

Skyndihjálpar kennsla í grunnskólum Kópavogs

Skyndihjálparkennsla sé markvisst kennt í öllum grunnskólum Kópavogs og tekur mið af hverju aldurstigi.

Sporna gegn matarsóun í grunnskólum Kópavogs

Það er mikilvægt að sporna gegn matarsóun. Að nemendum gefst kostur á að geta valið þá daga sem þeir kjósa að vera í mat og skammti sér sjálfir á disk.

Virðingarfyllt,

Amanda K. Ólafsdóttir
Deildastjóri frístundadeildar
Starfsmaður Ungmennaráðs Kópavogs